# Knatthús Hafnarfirði, nokkur minnisatriði.

Deiliskipulag Ásvalla er frá 2010 (breyting á deiliskipulagi frá 2004). Gert er ráð fyrir að heimilt sé að byggja yfir gervigrasvöll.




Í skilmálum segir:

**„Fjölnota knatthús sem fyrirhugað var að byggja yfir gervigrasvöll er flutt sunnan við völlinn og snúið þvert á hann. Húsið er fellt niður í landið til að milda áhrif þess. Gólfkóti húss 21.00 metrar, mænishæð yfir miðju vallar 23 metrar en 12 metrar yfir hliðum. Byggingareitur að grunnfleti 13.300 m².“**

Ekki er að sjá á gögnum málsins að gengið hafi verið frá lóðarsamningi við notendur íþróttasvæðisins við Ásvelli.

Deiliskipulag við Kaplakrika er frá 2014. Er það breyting á deiliskipulagi frá 2007. Breytingar frá fyrra deiliskipulagi eru í 11 liðum. Meðal annars felst breytingin í „ nýjum reit fyrir knatthús, að hluta niðurgrafið (2m), hámarkshæð er 23 m frá aðkomu gólfkóta.“




Gildistími deiliskipulags Kaplakrika er 12 ár samanber bókun ráðsins frá 2014.

Þann 11.11.2015 var samþykkt að byggja dúkhús (fullstór, mathluti 12, málsnr. 1509127) eins og heimild í gildandi deiliskipulagi gerir ráð fyrir.

Þann 11.11.2015 var einnig samþykkt að breyta tengingu á knatthúsi/dvergurinn (matshluti 10, málsnr. 1509126) eins og heimild í gildandi deiliskipulagi gerir ráð fyrir.

Umsækjanda bar í raun að leggja fram með þessum umsóknum  fylgiskjal/samkomulag tók á þeim þáttum sem fram koma ó bókun skipulagsráðs frá 2014. En þar segir:

**„Áður en framkvæmdir hefjast skal liggja fyrir undirritað samkomulag við nærliggjandi lóðarhafa um samnýtingu á bílastæðum þegar um stórviðburði er að ræða. Þá verði bílastæðaskipulag aðgengilegt á heimasíðu félagsins sem og samkomulag um samnýtingu stæða. Æskilegt er að slíku samkomulagi fylgi bílastæðakort þar sem gestum er leiðbeint hvar hægt sé að leggja bílum og nota almenningssamgöngur þegar um stórviðburði að ræða, sem um leið hvetur gesti á jákvæðan hátt til að nota aðra samgöngukosti en einkabílinn. Gert er ráð fyrir að bílastæðafjöldi samkvæmt tillögunni svari eftirspurn vegna daglegrar notkunar eins og kemur fram í meðfylgjandi greinagerð.“**

Það er ekki að sjá að leiðbeinandi upplýsingar um bílastæði eða notkun þeirra sé að finna á heimasíðu íþróttafélagsins (FH.is).

Nýting  bílastæða á lóð íþróttafélagsins er með þeim hætti að  nærliggjandi lóðarhafar og fyrirtæki  nýta  bílastæði á lóð íþróttafélagsins.

ÞS.